

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. desember 2006 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-11/2006:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. nóvember sl. bað álitsbeiðandi, hér eftir kallaður X, kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit varðandi kaup hans hinn 4. október 2003 á leðursófasetti hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi hafði áður leitað til Neytendasamtakanna og kvartað undan galla á sófasettinu.

Álitsbeiðandi kveðst gera þær kröfur á hendur Y, að hann fái sófasettið endurgreitt eða fái bætur greiddar. Sófasettið, sem er hornsófi, kostaði á sínum tíma kr. 164.000. Álitsbeiðandi telur ásættanlega endurgreiðslu eða bætur vera kr. 120.000.

II

Helstu efnisatriði í viðskiptum aðila samkvæmt gögnum málsins og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að leðrið á sófanum hafi byrjað að flagna bæði á setum og armi þegar sófinn hafi verið rétt rúmlega tveggja ára. Hann hafi fyrst kvartað munnlega við seljandann í maí 2006 og hafi hann sagst ætla að koma og skoða sófann. Næst hefði hann kvartað í lok júlímánaðar og þá hefðu viðbrögðin verið hin sömu. Þá hefði hann farið til seljandans sem hefði óskað eftir því að fá myndir af sófanum, sem álitsbeiðandi segist hafa sent 13. ágúst sl. Seljandinn hafi aldrei komið til að skoða sófann, en svar frá honum hefði komið 21. ágúst sl. Þess efnis að sófinn yrði ekki bættur. Seljandinn hefði hins vegar boðið nýjan sófa til kaups með afslætti. Álitsbeiðandi segist þá hafa snúið sér til Neytendasamtakanna sem hafi fengið mann til að meta sófann. Z, húsgagnabólstrari skoðaði sófann og er umsögn hans dags. 30. október sl. Umsögnin er svohljóðandi:

Leðrið í þessum hornsófa er að öllum líkindum „K“. Þá er borið lag af þjálefnum sem harðnar og í eru litakorn. Litakornlag þetta fyllir í allar ójöfnur, þannig að yfirborðið verður slétt. Þessi leðurtegund „K“ er vanalega af lélegum gæðum. Síðan er að lokum borið á fágunarlag, eða þá ýmis konar lakk, bæði litað og ólitað. Er þetta þá oftast síðasta lagið sem borið er á leðrið, og gefur því endanlegt útlit, gljáa og síðast en ekki síst endingu.

Oft er þetta gert vegna þess að leðurhúðin á að vera ólituð eða í öðrum lit (ljósari) og einnig að þá eru möguleikar á að hafa leður á lager sem hægt er að afgreiða fljótt í umbeðnum litum og þá í færri einingum. Fjölbreytnin er mikil og gæðin mjög misjöfn.

Ég fæ ekki betur séð en að fágunarlag hafi mistekist. Á hluta sófans er hægt að fletta fágunarlaginu af.

Það er mín skoðun að leðrið sé gallað. Verslunin ætti að hafa samband við sína birgja og láta vita af þessu vandamáli.

Álitsbeiðandi segir óásættanlegt að leður endist ekki lengur en í 2-3 ár. Endingartími þess ætti að verða 10-15 ár. Öll umgengni um sófan hafi verið góð og aðeins viðurkennt hreinsiefni notað sem sófanum hafi fylgt frá seljanda. Samkvæmt álitni húsgagnabólstrara sé leðrið gallað. Álitsbeiðandi telur sig hafa verið að kaupa vandaða vöru og seljandi gefi sig út fyrir að vera með gæðavöru eins og nafn hans bendi til. Álitsbeiðandi telur sig eiga rétt til 5 ára kvörtunarfrests og er þar að vísa til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003.

III

Málsmeðferð kæruneftdarinnar

Hinn 20. nóvember sl. ritaði kæruneftndin Y. bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum. Frest til þess veitti nefndin til 1. desember sl. Engin andsvör hafa borist nefndinni. Hinn 11. desember sl. ritaði kæruneftndin aðilum bréf og tilkynnti þeim að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

IV

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Það er álit kæruneftdarinnar að galli sé á leðri sófasettsins í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga, og má um það vísa til álits Z húsgagnabólstrara sem rakið er að framan. Um er að ræða hlut sem kaupandinn mátti ætla að entist gallalaus í mun lengri tíma en raunin var. Þetta leiðir til þess að líta verður svo á að álitsbeiðandi hafi átt rétt á kvörtunarfresti samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. í 5 ár, þar sem um er að ræða vöru sem búast má við að hafi að miklum mun lengri endingartíma. Álitsbeiðandi kvartaði við seljanda innan þessa frests.

Eins og að framan segir er það álit kæruneftdarinnar að nægilega sé í ljós leitt að leðursófasett það sem álitsbeiðandi keypti hjá Y sé gallað. Göllunum er þannig háttáð að telja verður töluverðar líkur á að þeir eigi eftir að aukast að umfangi, en þeir hafa smám saman verið að koma í ljós. Verða gallarnir þannig að teljast verulegir.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Álitsbeiðandi kveðst gera þær kröfur á hendur Y að hann fái sófasettið endurgreitt eða fái bætur greiddar. Þessar kröfur rúmast innan ákvæða 26. gr. laga nr. 48/2003, en samkvæmt þeirri lagagrein getur neytandi einnig krafist afsláttar.

Samkvæmt reikningi fyrir sófasettið, dags. 4. október 2003, kostaði sófinn kr. 164.000. Kæruneftndin álitur að álitsbeiðandi eigi rétt á því, þar sem telja verður gallana ekki óverulega, að rifta kaupunum og að fá kaupverðið endurgreitt, sbr. d. líð 1. mgr. 26. gr. og 32. gr. laga nr. 48/2003. Í þessu tilviki ber álitsbeiðanda að skila seljanda sófasettinu. Við endurgreiðslu kaupverðs ætti að taka tillit til þess að álitsbeiðandi hefur haft not af sófanum sem ber að meta seljandanum til tekna til frádráttar fjárhæð endurgreiðslunnar, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003. Á móti kemur að seljanda ber að

greiða vexti af þeim huta kaupverðsins sem endurgreiddur er, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Miðað við að álitsbeiðandi hefur haft veruleg not af sófanum álítur nefndin að hæfileg endurgreiðsla til hans sé kr. 110.000 og er þá gert ráð fyrir að vextir skv. 50. gr. laga nr. 48/2003 séu innifaldir í þeirri fjárhæð.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að öðrum kosti að hann fái skaðabætur greiddar. Álitsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á að hann hafi beðið sérstakt tjón vegna gallans, sbr. 33. gr. laga nr. 48/2003. Það er hins vegar álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverðinu samkvæmt ákvæðum c. liðar 26. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 48/2003, kjósi hann ekki að rifta kaupunum.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir